

Alþingi
Erindi nr. P 127/278
komudagur 28.11.2001

Kópavogi, 25. nóvember 2001.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um markvisst átak til að lengja ferðaþjónustutímamann á Íslandi.

Ferðamálasamtök Íslands fagna því, að þingmenn vilji efla byggðir landsins og ekki sist ef hugur þeirra í atvinnumálum beinist að mikilvægi ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúið. Það hefur verið erfiður róður undanfarin ár að fá þingmenn til að auka framlög ríkisins til ferðaþjónustu í landinu.


Víðast hvar í heiminum hefur ferðaþjónusta verið skoðuð sem viðskiptatækifæri þjóða en ekki sem niðurgreiðslur eða styrkir. Það sem ferðaþjónustan þarf á að halda um þessar mundir er aðallega tvennt. Í fyrsta lagi þarf mikið átak í markaðssetningu landsins erlendis til að tryggja áframhaldandi fjölgun ferðamanna til landsins og þá helst þá markhópa, sem eyða munu meir meðan á dvöl stendur en ferðamenn til þessa. Nýsjálendingar hafa t.d. reiknað út, að ef fjöldi ferðamanna stendur í stað í þeirra landi en þeir eyði 1% meir jafngildir það fyrir þjóðarbúið 12% fjölgun ferðamanna með óbreytta eyðslu. Í öðru lagi verður á einhvern hátt að styrkja stöðu hinna fjölmörgu litlu ferðaþjónustuaðila um allt land. Staðreyndin er sú, að þessir frumkvöðlar settu á sínum tíma aleigu fjölskyldna sinna undir og flestir fóru af stað með of lítið rekstrarfé og oft lítt grundaðar viðskiptaáætlanir. Það var látið slag standa og tilfinningin réði för. Nú eru mjög margir þessara sömu aðila búnir að eyða miklu fé í vöruþróun síðustu 5 eða 10 ár, fjármagnið búið og reksturinn gengur frá einum tíma til annars á dýrum yfirdrætti í banka í þeirri von, að á næsta ári takist að rétta úr kútnum.

Þetta eru stærstu vandamál ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni, ónógur fjöldi ferðamanna til að geta rekið fyrirtækin allt árið með nægum stöðugleika og skortur á þolinmóðu áhættufjármagni.

Hvað varðar þessa tilteknu tillögu til þingsályktunar er ástæða til að nefna eftirfarandi:

1. Ferðamálasamtök Íslands eru í forsvari fyrir átta ferðamálasamtök í landshlutunum og því í mjög nánu sambandi við öll sveitarfélög og þá mörgu litlu ferðaþjónustuaðila sem starfa um allt land. Samráð við þessi samtök eru nauðsynleg ef á að hrinda af stað átaki eins og um ræðir í tillögunni.
2. Endurskoða þarf framlög til grundvallarþátta í ferðaþjónustu eins og til Ferðamálaráðs Íslands og lögboðinna verkefna þess og til þróunar upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni svo eitthvað sé nefnt.
3. Greinin hefur vitneskju um, að ráðherra ferðamála, Sturla Böðvarsson, hefur verið að vinna að því undanfarnar vikur, að ríkisstjórnin komi að markaðssetningu landsins erlendis til þess að fjöldi ferðamanna til landsins dragist ekki saman vegna þeirra hörmulegu atburða í New York 11. september s.l.
4. Aðkoma ríkisins með myndarlegum hætti þarf því að beinast að þessu tvennu. Fjármagna markaðssetningu landsins annars vegar og vörupróun hins vegar, aðallega í hinum dreifðu byggðum landsins.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálasamtaka Íslands



Pétur Rafnsson, formaður.